

Kær viðtakandi,

Reykjavík er fjölmenningarborg þar sem fjölbreytileika, jafnrétti, samskiptum og þátttöku allra er fagnað því við erum stolt af því að vera borg sem er rík af fjölbreyttum menningarheimum. Það er okkur virkilega mikilvægt að allir hafi jafnan aðgang að því sem borgin hefur upp á bjóða óháð uppruna eða bakgrunni. Þar með talið 17. júní eða þjóðhátíðardag Íslands. Á 17. júní ár hvert er haldin skráðganga frá Hallgrímskirkju niður í Hljómskálagarð til að fagna þjóðhátíðardeginum. Skráðgangan á 17. júní er hefðbundin og mikilvægur hluti af hátíðarhöldunum á þjóðhátíðardaginn. Þar leiðir lúðrasveitin skráðgönguna og taka ýmsir aðilar þátt í að glæða hana lífi t.d. sirkuslistafólkið í Hringleik, Götuleikhúsið í Reykjavík, dansarar og margir fleiri. Svo sameinast íbúar borgarinnar göngunni og fylgja henni í Hljómskálagarðinn.

Við í viðburðateymi Reykjavíkurborgar langar að leita til ykkar og athuga hvort þið mynduð hafa áhuga á að taka þátt í skráðgöngunni á 17. júní sem formlegur hluti af henni. Áður hefur hinum ýmsu félagasamtökum verið boðið að taka þátt í skráðgöngunni þar sem þjóðhátíðardeginum er fagnað með því að vera í forsvari og fulltrúi þeirra sem eiga annan uppruna en íslenskan. Fólk hefur mætt í mismunandi þjóðbúningum, með allskonar fána eða hvað annað sem einkennir fleiri þjóðir. Við viljum bjóða fólki að taka þátt í skráðgöngunni til að sýna og fagna fjölbreytileika og fjölmenningu Reykjavíkur.

Ef þið viljið vera með værum við ótrúlega þakklát ef þið mynduð senda fulltrúa teymisins tölvupóst á póstfangið eva.halldora.gudmundsdottir@reykjavik.is.

Bestu kveðjur,

Björg Jónsdóttir, Guðmundur Birgir Halldórsson og Eva Halldóra Guðmundsdóttir í viðburðateymi Reykjavíkurborgar.

//

Dear recipient,

Reykjavík is a intercultural city where diversity, equality, communication and participation of all are celebrated because we are proud to be a city that is rich in diverse cultures. It is really important to us that everyone has equal access to what the city has to offer, regardless of origin or background. Including June 17th. or the Icelandic national holiday. On June 17 every year, a parade is held from Hallgrímskirkja down to Hljómskálagarður to celebrate the national holiday. The parade on June 17th. is a traditional and important part of the celebrations on the national holiday. There, the marching band leads the parade and various parties that take part in bringing it to life, e.g. the circus artists in Hringleikur, Götuleikhúsið in Reykjavík, dancers and many more. Then the residents of the city join the parade and follow it to Hljómskálagarðurinn.

We in the event team of the City of Reykjavík would like to contact you and see if you would be interested in participating in the parade on June 17 as a formal part of it. Previously, the various non profit organizations have been invited to take part in the parade, where the national holiday is celebrated by representing those of non-Icelandic origin. People have come in different national costumes, with all kinds of flags or whatever else characterizes more nations. We want to invite people to take part in the parade to show and celebrate the diversity and interculturalism of Reykjavík.

If you want to join, we would be incredibly grateful if you would send a representative of the team an e-mail to eva.halldora.gudmundsdottir@reykjavik.is.

Best regards,

Björg Jónsdóttir, Guðmundur Birgir Halldórsson and Eva Halldóra Guðmundsdóttir in the event team of the City of Reykjavík.